

# SAMNINGUR EVRÓPURÁÐSINS UM AÐGERÐIR GEGN MANSALI

Fyrsti alþjóðlegi samningurinn þar sem vernd réttinda fórnarlamba er í öndvegi í baráttunni gegn mansali. Ríki utan Evrópuráðsins geta sótt um aðild.

**2005** Samþykktur í Varsjá

**2008** Gildistaka

**2025** 48 aðildarríki

## HVER ER ÁVINNINGURINN AF SAMNINGNUM?

- ▶ Viðurkennir mansal sem brot gegn mannréttindum
- ▶ Gildir fyrir öll fórnarlömb og allar tegundir mansals
- ▶ Leggur áherslu á vernd réttinda fórnarlamba
- ▶ Setur ramma utan um vernd fórnarlamba og vitna
- ▶ Kveður á um eftirlitskerfi til að tryggja skilvirka framkvæmd

## HVERJAR ERU HELSTU STÖÐIR SAMNINGSINS?

- FORVARNIR
- VERND
- SAKSÓKN
- SAMSTARF

## HVAÐA RÉTTINDA NJÓTA FÓRNARLÖMB MANSALS SAMKVÆMT SAMNINGNUM?



### SKILGREINING

Réttur til skilgreiningar sem fórnarlamb er óháð málshöfðun gegn gerendum.



### VERND EINKALÍFS

Ekki má gera persónuupplýsingar fórnarlamba opinberar og aðeins geyma þær í sérstökum löglegum tilgangi.



### AÐSTÖÐ

Fórnarlömb eiga rétt á hentugu og öruggu húsnæði, sálfræðilegri, fjárhagsslegri og annarri aðstoð, óháð því hvort þau aðstoða við rannsókn sakamálsins eða ekki.



### ENDURHÆFINGAR- OG UMPÓTTUNARTÍMI

Ætluð fórnarlömb eiga rétt á að minnsta kosti 30 daga endurhæfingar- og umpóttunartíma til að losna undan áhrifum gerenda og/eða ákveða hvort þau vilja vinna með yfirvöldum.



### DVALARLEYFI

Réttur til endurnýjunar á dvalarleyfi ef persónulegar aðstæður fórnarlambins krefjast þess eða ef það verður að dvelja í landinu til að aðstoða við rannsókn eða meðferð sakamáls.



### BÆTUR OG LÖGFRÆÐI AÐSTÖÐ

Réttur til upplýsinga, lögfræðiaðstoðar, gjafvarnar og bóta fyrir efnislegt og óefnislegt tjón.



### HEIMSENDING OG HEIMKOMA

Við flutning fórnarlamba til heimalands verður að taka tilhlýðilegt tillit til réttinda þeirra, öryggis og mannhelgi og hafa hliðsjón af stöðu málaferla sem þeim tengjast.



### ÁKVÆÐI UM REFSILEYSI

Ríki verða að sjá til þess að fórnarlömbum verði ekki refsað fyrir þátttöku í ólögætum athöfnum sem þau voru þvinguð til að taka þátt í.



### VERND VIÐ RANNSÓKN OG MÁLAREKSTUR FYRIR DÓMSTÓLUM

Fórnarlömb og fjölskyldur þeirra eiga rétt á vernd gegn hættu á hefndaraðgerðum eða ógnunum.



### RÉTTINDI BARNNA

Auk þeirra réttinda, sem gilda um öll fórnarlömb mansals, njóta börn sérstakrar aðstoðar og verndar sem tekur mið af hagsmunum þeirra.

# EFTIRLITSKERFI



## HÓPUR SÉRFRÆÐINGA Á SVIÐI AÐGERÐA GEGN MANSALI (GRETA)

15 sjálfstæðir sérfræðingar  
Þverfagleg sérfræðiþekking

GRETA metur reglulega framkvæmd samningsins í hverju aðildarríki fyrir sig. Í því felst að senda spurningalista til yfirvalda og frjálsra félagasamtaka og taka saman skýrslu með niðurstöðum og tilmælum. GRETA veitir einnig leiðbeiningar um efni og hugtök samningsins.

Þýðingarmikill þáttur samningsins er eftirlitskerfið sem komið var á fót til að fylgjast með framkvæmd hans. Það er tvíþætt og byggir á stöðugu samtali við aðildarríkin.



## NEFND SAMNINGSAÐILA

Pólítísk nefnd fulltrúa aðildarríkja samningsins

Nefnd samningsaðilanna beinir tilmælum, sem byggja á skýrslum og niðurstöðum GRETA, til aðildarríkjanna um þær ráðstafanir, sem þarf að gera, til að fylgja eftir skýrslu GRETA.

## HVERT AÐILDARRÍKI ER METIÐ Á 4 TIL 5 ÁRA FRESTI

### 1. UMFERÐ 2010

Í brennidepli: Yfirlit yfir framkvæmd samningsins

### 2. UMFERÐ 2014

Í brennidepli: Áhrif aðgerða, mansal barna og nýjar birtingarmyndir

### 3. UMFERÐ 2018

Í brennidepli: Aðgangur að réttarkerfinu og skilvirk úrræði

### 4. UMFERÐ 2023

Í brennidepli: Viðkvæmir hópar og notkun upplýsinga- og samskiptatækni

## HVERNIG FER EFTIRLITIÐ FRAM?

Í hverri umferð útbýr GRETA til **spurningalista**, sem er sendur til innlendra stjórnvalda og frjálsra félagasamtaka.



GRETA stendur fyrir **heimsókn til landsins** til að afla frekari upplýsinga. GRETA samþykkir **skýrsludrög** sem send eru yfirvöldum til umsagnar.



Þegar umsögn hefur borist frá yfirvöldum samþykkir GRETA **lokaskýrslu** sem er gefin út.



Nefnd samningsaðilanna samþykkir **tilmæli** sem byggja á niðurstöðum GRETA. Stjórnvöld skýra nefnd samningsaðilanna frá þeim **ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið**, til að hrinda þeim í framkvæmd.



GRETA A fylgir tilmælunum eftir með **viðbótarspurningum** og/eða **hringborði** í viðkomandi landi.

## ÞEMAVINNA GRETA

GRETA hefur gefið út þemaskýrslur og leiðbeiningar um:

- ▶ Vinnumannsal
- ▶ Mansal á börnum
- ▶ Aðstoð við fórnarlömb
- ▶ Aðgangur að alþjóðlegri vernd fyrir fórnarlömb mansals
- ▶ Mansal með notkun netsins og tækni
- ▶ Mansal í tengslum við fólksflutninga
- ▶ Endurhæfingar- og umþóttunartíma

## ✓ ÁHRIF EFTIRLITS

- ✓ Breytingar á löggjöf
- ✓ Skipun sjálfstæðra innlendra skýrslugjafa um mansal
- ✓ Mótun stefna og aðgerðaráætlaða gegn mansali
- ✓ Bætt verklag til að bera kennsl á fórnarlömb mansals
- ✓ Stofnun sérhæfðra athvarfa
- ✓ Aukið fjármagn í aðstoð við fórnarlömb
- ✓ Þjálfun og sérhæfing starfsfólks



COUNCIL OF EUROPE



CONSEIL DE L'EUROPE



## FREKARI UPPLÝSINGAR

Finna má allar landsskýrslur, leiðbeiningar og rit á netinu



[www.coe.int/trafficking](http://www.coe.int/trafficking)  
[trafficking@coe.int](mailto:trafficking@coe.int)